

Nd.

602. Frumvarp til laga

[169. mál]

um sildarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 366 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar þannig:

Sildarútvegsnefnd veitir leyfi til söltunar á síld fyrir innlandan og erlendan markað með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg til að tryggja sem bezt rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu sildarinnar. Hún hefur forgöngu um markaðsleit fyrir síld og annast um, að gerðar séu tilraunir með útflutning á síld, sem verkuð er með öðrum aðferðum en nú eru tíðkaðar, og annað það, sem orðið getur þeim til hagsbóta, sem vinna að framleiðslu saltaðrar síldar.

Heimilt er sildarútvegsnefnd að setja umráðamönnum skipa þeirra, er veiða síld til söltunar, reglur um meðferð sildarinnar um borð í skipunum og við löndun sildarinnar. Sé réttum reglum eigi hlýtt, getur nefndin svipt viðkomandi rétti til þess að leggja upp síld til söltunar um lengri eða skemmri tíma.

9. gr. hljóðar þannig:

Sé sildarútvegsnefnd eða heildarsamtökum sildarsaltenda veittur einkaréttur samkvæmt 8. gr., skal hver sildarsaltandi bera ábyrgð á gæðum sinnar síldar, en allir saltendur fá jafnt verð fyrir síld, sömu gæða, pökkunar og tegundar, enda sé síldin flutt út með leyfi nefndarinnar og fengizt hafi fyrir hana eigi lægra verð en fyrirframselda síld af sambærilegum gæðum.

Greiða skal af óskiptu sildarandvirði, áður en jafnaðarverð er fundið, hæfilegt gjald að dómi sildarútvegsnefndar fyrir geymslu, pökkun og annan kostnað í sambandi við sérstaka verkun og meðferð sildarinnar.